

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 19. fundur skólanefndar
19. apríl 2005

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eypór Benediktsson, Gísli Ólafsson, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.

Forföll boðuðu: Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen og Sveinn Þór Elinbergsson.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Húsaleiga

GA leggur fram tillögu að reglum um húsaleigu og verð. Þessar tillögur ræddar og samþykktar samhljóða.

3. Skólagjöld – skólasjóður

GA leggur fram tillögu um stofnun skólasjóðs, sem aðallega yrði notaður til að greiða niður rútukostnað við sérstaka viðburði, tillaga um að gjald í hann verði 1.500 kr. BÁS lagði fram tillögu frá NFSN um hækkun á nemendafélagsgjaldi.

GA falið að ganga frá þessu og halda heildargjaldi ca. 11.000 kr.

4. Auglýstar stöður

GA upplýsti um þær stöður sem ráða þarf í fyrir næsta skólaár. Málin rædd og GA falið að auglýsa.

5. Viðhorfskönnun

GA sýndi fundarmönnum helstu niðurstöður viðhorfskönnunar nemenda sem gerð var á vordögum. Niðurstöðurnar yfir höfuð taldar góðar og einstaka atriði sem koma til frekari skoðunar.

6. Önnur mál

-GA sagði frá kynningarfundum sem haldnir voru fyrir 10. bekkinga á svæðinu og foreldra þeirra. Misjafnlega var mætt á fundina og rætt var um hugsanlegar ástæður þess.

- GA sagði frá fyrirhuguðu samstarfi við grunnskólana um að tilvonandi 10. bekkingar eigi þess kost að sækja nám í tilteknum áföngum við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Eftir á að útfæra þetta nánar.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður haldinn 17. maí kl. 16:30.